

Mál 29/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 29/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 24. október 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að breyta dagsetningum á örmerkjavottorði dýralæknis við gotskráningu á hvolpi.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og henni gefin andmælafrestur til 27. desember 2018. Svar barst frá kærðu dags. 10. desember 2018 þar sem hún viðurkenndi að hafa breytt fæðingardegi á örmerkjablaði undirrituðu af dýralækni en það hafi verið mistök og fljótræði að hennar hálfu.

Í samræmi við 27. gr. laga HRFÍ og málsmeðferðarreglur siðanefndar skal leita sátta í þeim málum þar sem sakir eru miklar. Málsaðilar voru boðaðir til sáttafundar sem fór fram þann 30. apríl 2019. Einungis var mætt af hálfu kæranda á boðaðan sáttafund. Nefndin reyndi að ná í kærðu símleiðis en það bar engan árangur. Kærandi ítrekaði alvarleika málsins enda sé traust á ræktendum félagsins og trúverðugleiki ættbókar HRFÍ í húfi. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og upplýsingar er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við yfirferð starfsmanna HRFÍ á skráningarpappírurum kom í ljós að á örmerkjablaði hafði verið skrifað ofan í dagsetningar sem dýralæknir hafði staðfest vegna örmerkingar hvolps. Bæði hafi verið skrifað ofan í fæðingardag hvolpsins og dagsetninguna sem dýralæknirinn skrifar undir með öðrum penna en upphaflega hafði verið skrifað með. Nánari skoðun leiddi í ljós að umræddar upplýsingar frá kærðu stangast á við opinbera skráða örmerkingu í Dýraauðkenni (dyraauðkenni.is). Enn fremur hafi dýralæknirinn staðfest síðar við skrifstofu HRFÍ að skráðar upplýsingar í örmerkjagrunni væru réttar og hún hefði fyllt út örmerkjablað vegna hvolpsins með þeim dagsetningum sem þar komi fram.

Kærandi telur að dagsetningum á örmerkjavottorði dýralæknis hafi verið breytt til að það liti út fyrir að hvolpurinn hafi fæðst um fimm vikum síðar en dýralæknirinn vottaði um og skráði í Dýraauðkenni. Þörunarvottorð, undirritað af ræktanda, var útfyllt miðað við hina breyttu dagsetningu á örmerkjavottorðinu (síðari dagsetninguna). Ætla megj að ástæðan fyrir þeirri

breytingu sé sú að viðkomandi ræktandi, sem er félagsmaður í HRFÍ og handhafi ræktunarnafns hjá félaginu, hafi vísitandi breytt vottorði starfandi dýralæknis um örmerkjaskráningu og á þann hátt falsað vottorðið í þeim tilgangi að blekkja HFRÍ um pörunardag og fæðingardag gots.

Dýralæknar starfa samkvæmt opinberu leyfi sbr. lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Samkvæmt 7. mgr. 9. gr. laganna ber dýralækni að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga og getur hann sætt viðurlögum sé misbrestur á því.

Dýralæknar einir hafa leyfi til að örmerkja hunda skv. e lið 4. mgr. 16. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Vegna þessa er í 1. mgr. VI kafla reglugerðar um skráningu í ættbók gert að skilyrði að hvolpar séu örmerktir. Eingöngu er tekið gilt örmerki sem er skráð og skjalfest af dýralækni.

Með breytingu á dagsetningu á örmerkjavottorði dýralæknisins var vottorðið rangfært og álfur kærandi það í þeim tilgangi að blekkja um raunverulega pörun tíkar og fæðingardag gots. Getur slík háttsemi varðað við 17. gr. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærandi telur háttsemi kærðu brot gegn markmiðum félagsins og þeim skyldum sem á ræktendum hvíla. Kærandi telur brotið gegn 2.a, sbr. 3.a laga HRFÍ og greina 3.1, 3.2 og 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærandi ítrekar alvarleika málsins enda sé traust á ræktendum félagsins og trúverðugleiki ættbókar HRFÍ í húfi.

Kærða hefur viðurkennt að hafa breytt fæðingardegi á örmerkjablaði undirrituðu af dýralækni, örmerkjablaði sem hún hafi upphaflega fyllt út sjálf og taldi vera rangt. Síðar hafi hún áttað sig á því að leiðréttingin hafi verið á misskilningi byggð en það hafi verið mistök og fljótærði af hennar hálfu.

### III. Forsendur.

Eitt meginmarkmið félagsins skv. a lið 2. gr. laga HFRÍ er að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af alþjóðasambandi hundaræktarféлага FCI sem félagið er aðili að. Til þess að ná þessu markmiði sbr. a lið 3. gr. laga HFRÍ skal félagið ættbókarfæra hreinræktaða hunda í ættbók HFRÍ samkvæmt reglum félagsins og FCI.

Útgáfa ættbóka er því ein meginstarfsemi félagsins og er ættbók HRFÍ viðurkennd af öðrum aðildarfélögum FCI sem fullgild sönnun á ætterni og hreinræktun hunds. Það er því afar mikilvægt að upplýsingar séu rétta og að gögn sem útgáfan byggir á séu upprunaleg og rétt. Verður félagið að treysta á drengskap ræktenda sinna; að upplýsingar þeirra til félagsins séu réttar. Þá er rétt að áréttta að samkvæmt a lið 5. gr. laga félagsins eru skilyrði félagsaðildar að viðkomandi hafi ekki unnið gegn markmiðum félagsins.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að kærða breytti örmerkjavottorði undirrituðu af dýralækni þannig að rangar upplýsingar bárust félaginu.

Í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ eru innleiddar ýmsar undirstöðureglur FCI fyrir ræktendur, en þar kemur m.a. fram í 3. kafla um ræktendur, að ræktandi í Hundaræktarfélagi Íslands beri að stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf.

Ef ræktandi verður var við villur í vottorðum dýralækna þá ber ræktanda að hafa samband við viðkomandi dýralækni um útgáfu nýs og leiðrétts vottorðs þar sem dýralæknar hafa einir leyfi til

að örmerkja hunda sbr. e lið 4. mgr. 16. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 og HFRÍ tekur eingöngu gilt örmerki sem er skráð og skjalfest af dýralækni sbr. 1. mgr. VI kafla reglugerðar um skráningu í ættbók.

Sú háttsemi kærðu að láta Hundaræktarfélagi Íslands í té rangar upplýsingar með því að breyta vottorði útgefnu og undirrituðu af dýralækni er litin alvarlegum augum. Jafnframt telst kærða hafa unnið gegn markmiðum félagsins sem eru skilyrði félagsaðildar.

Hundaræktarfélag Íslands verður að geta treyst á drengskap ræktenda sinna; að upplýsingar þeirra til félagsins séu réttar.

Þykir hæfileg refsing kærðu vera brottvísun úr félaginu í tiltekinn tíma. Kærða skal jafnframt útilokuð frá þátttöku í starfi HRFÍ í tiltekinn tíma. Að auki skal kærða svipt ræktunarnafni og útilokuð frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ í tiltekinn tíma þar sem hún hafi vísitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn 2.a, sbr. 3.a laga HRFÍ og greina 3.1, 3.2 og 3.3 grundvallarreglna fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu er vísað brott úr Hundaræktarfélagi Íslands í 12 mánuði.

Kærða er svipt ræktunarnafni.

Kærða er útilokuð frá þátttöku í starfi HRFÍ í 12 mánuði.

Kærða er útilokuð frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ í 12 mánuði.

Ofangreind viðurlög taka gildi við birtingu úrskurðar fyrir kærðu.

F.h. siðanefndar

---

Kristín Fjóra Fannberg

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir